



# Blind og sjónskert börn og fjölskyldur þeirra

Elfa Hermannsdóttir  
Fagstjóri

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga



# Fyrirlesturinn:

- Þjónusta Miðstöðvar.
- Þroskahandbók.
- Heilatengd sjónskerðing (CVI).





## Skilgreining á sjónskerðingu og lögblindu

- Sjónskerðing er skilgreind þegar sjón mælist minni en 0.3 eða 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum og sjónsvið innan við 20 gráður.
- Lögblinda er þegar viðkomandi sér minna en 10% með betra auga með besta gleri.



50 %



30 %



16 %



10 %






# Þjónusta í nærumhverfi

- Þjónustan fer fram í því umhverfi sem notandinn er í og á hans forsendum svo sem inná heimili, skóla, vinnustað, í tómstundaiðju og öðru til að stuðla að virkni, vinna gegn félagslegri einangrun og auka sjálfstæði.
- Hjá Miðstöðinni er hver einstaklingur metin út frá eigin getu og þörfum.

# Framvirk þjónusta

---





# Þroskahandbókin

Þáttur í snemmtækri íhlutun

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga



# Þroskahandbókin

- Er gefin út sem hluti af efninu Snemmtæk íhlutun, þroskahandbók fyrir blind og sjónskert börn.
- Early Support er breskt efni sem hægt er að finna á slóðinni:

<http://www.ncb.org.uk/early-support/resources/developmental-journals>





## Bókin skiptist niður í 5 svið:

- Félags- og tilfinningaþroski.
- Samskipti, mál- og vitsmunþroski.
- Leikur og nám.
- Hreyfing og hreyfiþroski.
- Í átt til sjálfstæðis.



# Þroskahandbók

- Er handbók fyrir blind og sjónskert börn fyrir foreldra, börn og ráðgjafa sem vinna með ungum börnum.
- Tæki til að hjálpa fjölskyldum að fylgjast með og skilja þroska barna.
- Hvetur til samvinnu, og bendir á mikilvægi þess að deila upplýsingum á milli fjölskyldna og ráðgjafa sem þær hitta.



## Dæmi frá foreldrum

- Foreldrar sem hafa notað Þroskahandbókina í Bretlandi hafa gefið henni góða dóma.
- „Hún hjálpaði okkur að skilja við hverju var að búast og hvernig við áttum að skipuleggja komandi mánuði. Við gátum alltaf flett upp í Þroskahandbókinni þegar okkur vantaði svör“.



## Spurningar foreldra

- Hvernig gengur barninu mínu?
- Hvernig get ég hjálpað til við að bæta sjón barnsins eða nota þá sjón sem það hefur eins vel og hægt er?
- Fer barninu mínu nægilega fram?
- Hvernig veit ég það?
- Hvað mun það gera næst?
- Hvað getum við gert til að láta það gerast?



## Bókin inniheldur gögn til að:

- Skrá þroska barna yfir tiltekið tímabil.
- Fagna árangri þegar börn ná ákveðnum markmiðum og læra nýja hluti.
- Hjálpa fjölskyldum að skilja hvað þær geta gert til að hjálpa barninu sínu að ná framförum.
- Stuðla að notkun sjónarinnar.
- Bæta skilning allra á þroskaferlinu.



# Hvernig hjálpar þroskahandbókin?

- Fylgist með þroska sjónar og framförum, hvernig sem sjónin þróast.
- Fylgir barninu frá 0 mánaða til u.þ.b. 3 ára.
- Heldur utan um skráningu foreldra á árangri, framför og þroska barnsins.



# Hvernig hjálpar þroskahandbókin?

- Auðveldar fjölskyldum að deila upplýsingum um barnið sitt með fagfólki sem þau hitta.
- Hjálpar foreldrum að skilgreina þegar þörf er á frekari aðstoð.
- Hjálpar fagfólki að skipuleggja og setja markmið um frekari aðstoð til að ná og stuðla að frekari árangri barnsins síns.



## Fyrir foreldra

- Deila athugun þinni á barninu þínu.
- Spyrja spurninga og fullvissa þig um framför barnsins.
- Átta þig á hvað allir búast við að barnið þitt geri næst.
- Skilja hvað þú og aðrir geta gert til að hjálpa barninu þínu að læra – ásamt því að vinna með þá sjón sem það hefur.





## Fyrir fagfólk hjálpar bókin með:

- Að fylgjast með árangri barnsins á öllum þroskastigum.
- Að þekkja þá þætti sem gæti þurft að fylgja betur eftir.
- Að koma með hugmyndir um athafnir til að ýta undir þroska sjónar.
- Að fjölskyldan og allir fagaðilar séu í takt.



## Tafla úr Þroskahandbókinni Stig 1b Félags- og tilfinningaþroski

### Þróun sambanda

Þroskamarkmið	Spjald	Að hluta	Örugglega	Það sem barnið mitt gerir og hefur ánægju af
<b>Að læra um sjálfan sig, foreldra og aðra</b>				
Sýnir svörun við nálgun foreldris, t.d. hreyfir líkamann, lyftir höfði	3			
Horfir á og svarar brosi foreldra <b>Athuga Skráningu sjónþroska</b>	4			
Væntir þess að vera tekið upp	3/4			
<b>Að sýna tilfinningar</b>				
Sýnir fleiri tilfinningar, t.d. gleði, uppnám og hrifningu	3/4			
Sýnir gleði, t.d. hlær og skríkir	3/4			



# Athafnaspjöld

- Gefa hugmyndir um hvernig skuli hjálpa barninu yfir á næsta þroskastig.
- Þau gefa hugmyndir um hvernig skuli hvetja og stuðla að notkun sjónarinnar eins fljótt og mögulegt er.



# Meðfylgjandi Athafnaspjald

## Stig 1b – Athafnaspjald

### Spjald 3 – Félags- og tilfinningaþroski

#### Þroski sambanda

##### Að læra um sjálfan sig og foreldra/aðra

- Kallaðu nafn barnsins blálega þegar þú nálgast það og sjáðu hvernig það bregst við röddinni þinni áður en þú tekur það upp.
- Hvettu barnið þitt til að líta á andlitið þitt (ef barnið er sjónskert).

##### Að sýna tilfinningar

- Endurtaktu aðgerðir og venjur sem barnið virðist kunna að meta og sjáðu hvernig það sýnir ánægju og gleði.
- „Speglaðu“ tilfinningar og tjáningu barnsins til að sýna því að þú skiljir að það er leitt eða glatt. Ef það virðist leitt, gerðu röddina, tónfallið og andlitið sorgmætt. Haltu á því og róaðu það. Ef það verður spennt, gerðu röddina skæra og andlitssvipi ýkta og svaraðu með ýktum hreyfingum.

##### Að tengjast foreldri eða kunnuglegu fólki

- Hvettu fjölskyldumeðlimi til að eiga samskipti við barnið svo það fari að þekkja mismunandi raddir, umönnun og andlit.
- Ef barnið brosir við rödd, snertingu eða brosi þínu, gefðu því þá koss og hjúfraðu það að þér.

Mundu að skoða Spjöldin fyrir sjónrænt umhverfi og áhöld



# Hversu oft þarf að fylla inn í bókina?

- Ráðlagt væri að fylla inn í handbókina u.þ.b. einu sinni á tveggja mánaða fresti á fyrsta ári barnsins og þrisvar til fjórum sinnum á ári frá og með Stigi 2. Sumir foreldrar kjósa að fylla oftari inn í hana, t.d. annan hvern mánuð.



# Heilatengd sjónskerðing (CVI)

Þjálfunarefni og matstæki byggt á  
fræðum Dr. Roman-Lantzy

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga



# Heilatengd sjónskerðing (CVI)

- Algengasta orsök sjónskerðingar meðal íslenskra barna.
- 24% á skrá hjá Miðstöð með CVI.
- Örugglega vangreint.
- Barnaaugnlæknar orðnir mjög vakandi gagnvart CVI.



## Munurinn á sjónskerðingu og sjónskerðingu af heilatengdum orsökum

- **CVI:** Barnið sér mynd en á erfitt með að túlka hana rétt.
- **Sjónskerðing:** Barnið á í erfiðleikum með að sjá myndina skýrt en getur unnið úr henni ef það nær nægilegri skerpu.
- Sum börn geta bæði verið með sjónskerðingu og sjónskerðingu af heilatengdum orsökum.





# Orsakir

- Súrefnisskortur, heilinn fær ekki næringu.
- Meðfæddar orsakir (erfðatengdar).
- Áfall fyrir eða í fæðingu barns.
- Áverkar á miðtaugakerfi síðar, t.d. vegna sjúkdóma eða slysa.



# Einkenni CVI

- Sjónprófun eðlileg.
- Virðist ekki sýna nýjum hlutum athygli.
- Sýnir hlutum í nær umhverfi athygli.
- Eiga í erfiðleikum með sundurgreiningu í umhverfi.
- Ástæðulaust áhorf.
- Áhugi á ákveðnum litum.
- Útfall í sjónsviði.
- Lengri tími við að sjá.
- Hæg eða engin viðbrögð við snöggum/skyndilegum áreitum (ógn).
- Óvenjuleg sjónræn viðbrögð.
- Dagamunur.



# Áhrif og afleiðingar

- Erfiðleikar geta verið í umferli (rötun).
- Dýptarskynjun.
- Erfiðleikar við að þekkja hluti, myndir og smáatriði í myndum.
- Þekkja andlit.
- Mismunandi skerpa.



# Áhrif og afleiðingar

- Sjón nýtist stundum betur þegar horft er á það sem hreyfist í umhverfinu.
- Ljósáðlögun getur verið vandamál.
- Breytileg sjón.
- Truflun á sjónsviði.
- Sjónúrvinnslan erfið.



# Hvernig fer mat á CVI fram?

- Viðtal við aðstandendur.
- Athugun (fylgjast með barni í aðstæðum).
- Mat í aðstæðum og í samskiptum við barnið.



# CVI rófið

- CVI getur verið alvarlegt, miðlungs eða vægt.
- Þrep (I, II og III) sýna mismunandi getu.
- Númerin (mælikvarði 1-10) sýna mismunandi stig á getu.
- Stigin hjálpa til við að staðsetja færni svo hægt sé að bregðast við/styðja og ná fram sem bestri starfrænni sjón.



# Stig/prep

- Stig eru gefin á mælikvarðanum 0-10.
- 0 = engin starfræn sjón.
- 10 = eðlileg starfræn sjón.
- Fylgni við áfangana eru:
- Prep 1 0 til 3,5 stig.
- Prep 2 3,5 til 7,5 stig.
- Prep 3 7,5 til 10 stig.



# Þrepin

- Þrep 1: Byggir jafnt og þétt upp sjónnýtingu.
- Þrep 2: Samþætting sjónar og athafna.
- Þrep 3: Dregur stöðugt úr einkennum CVI.





# Þrep 1

- Hjá börnum á þrepi 1 nýtist best:
- Einlitir hlutir.
- Hlutir í uppáhalds lit.
- Hlutir sem framkalla hreyfingu og glampa.
- Hlutir með einfaldan bakgrunn.
- Hlutir sem eru kunnuglegir.



## Prep 2

- Hjú börnum á þrepi 2 nýtist best:
- Að dregið sé úr upplýsingum þegar þær eru settar fram í tvívídd.
- Að nota ramma til að takmarka upplýsingar eða að setja útlínur á myndir.
- Börn ættu að vera komin á stig 7 þegar farið er að gera kröfu um að þau þekki hluti í tvívídd.



## Þrep 3

Það sem þarf að hafa í huga fyrir börn á þrepi 3:

- Í nýju umhverfi og í flóknum aðstæðum þurfa leiðbeiningar að vera munnlegar og sýnilegar, aðstoð frá fullorðnum eða jafningja.
- Í einhverjum tilvikum getur hvíti stafurinn komið sér vel.
- Í kennslustofunni þarf barnið hvatningu við að einbeita sér.
- Beina athygli að lausnum frekar en hindrunum.



# Skipulag

- Það krefst mikillar orku að vinna úr sjónrænum upplýsingum, börn þreytast fljótt við slíka einbeitingu og því er mikilvægt að taka reglubundin hlé á vinnu með barnið.
- Þeim mun einfaldari, samfelldari og fyrirsjáanlegri sem sjónrænu upplýsingarnar eru, þeim mun meiri árangurs er að vænta.



## Muna að fylgjast með þreytu- og álagseinkennum

- Grettur í andliti.
- Réttir úr fingrum opna og slaka.
- Starir í ljós og forðast að horfa á hluti í kringum sig.
- Geispi eða sýnir einkenni um að vilja sofna.
- Hiksti.
- Skrækir eða gefur frá sér hávæer hljóð.



# Mikilvægi sjónar

- Um 80-90% af upplýsingum berast með hjálp sjónarinnar.
- samfelld skynjun.
- hjálpar okkur að tengja saman upplýsingar frá öðrum skynfærum.



---

Takk fyrir áheyrnina

